Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf til og málefni bæjarstjórnar 1868-1873

Aðfnr. 2224, örk 4

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fulltrúarnir vildu koma til fundar á morgun, fimtudag, kl 11 f.m: í húsum mínum.

Rvík þ 19da Januar 1870.

H. Sivertsen

Herra J. Pjetursson sjeð
Th. Stephensen sjeð
O. Finsen sjeð
J. Þórdarson sjeð
He Þórdarson sjeð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgfjörð

Jón Borgfjörð

hefur

Georgíð med

[illegible] med

því

18/9 1893

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 11. dag þ. m. hefir Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi ritað bæjarstjórninni þannig:

„Þ. 7. þ. m. hefir hin heiðraða bæjarstjórn sent Stiptamtinu allraundirgefnasta beiðni, um gjafsókn í sök, sem þann 9. Dec. máð. f. á. er dæmd fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur kaupstaðar, og nú verður áfrýjuð til hins konunglega íslenzka landsyfirrjettar viðvíkjandi hinu árlega afgjaldi af Hlíðarhúsum. —

Þareð Stiptamtið samkv. konungsbrjefi 1. nóv. m. 1837 hefir fengið vald til að veita þeim, sem þartil eru hæfir (Kvalificerede) gefins málsókn fyrir hinum hjerverandi landsyfirrjetti, og þareð, þegar menn eiga að dæma um hinn nefnda hæfilegleika, þeim reglum verður að fylgja, sem gefnar eru í tilskipan 23. marts 1827, og sem ekki einungis eru samkvæmt hlutarins eðli heldur jafnvel eru gildandi hjer

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á Íslandi eptir Kansellibr. 14. apr. mán. 1832, og þarð hin nefnda tilskipan í 3. gr. berlega ákveður, að beneficium processus gratuiti beri ekki að veita sveitum nema í málum sem áhræra kirkna- skóla- eða fátækra málefni þeirra; en hið ofanskrifaða mál ekki er þess eðlis, — sjer stiptamtið sjer ekki fært að veita hið umbeðna beneficium. —

Dómsgjörðir þær, er sendar voru með bænarskránni, endursendast hjermeð." —

Þetta vil jeg ekki láta hjáliða að gefa hinum heiðruðu bæjarfulltrúum til þóknanlegrar vitundar. —

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík. 14. Jan. 1870.

A Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1832,

.

sut

mema

ete

ta

ntid

a

n. 1870.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Med brefi dags. 17. m. hafid þèr farid þess á leit vid mig útaf ágreiningi nokkrum sem er á milli bæar-fulltrúanna um þad hvort ad póststjórninni hèr í bænum skyldi gera nokkurt aukaútsvar eda eigi; ad eg skuli bera þad undir álit eda úrskurd Stiptamtsins.

Mèr er nú ad vísu ekki kunnugt hvörnig ad hinir ýmsu medlimir bæarstjórnarinnar kunni ad greina á í þessu efni, og hvörjar ástædur þeir hvör um sig kunni ad hafa vidvíkjandi því, en eg leyfi mèr ad láta í ljósi, ad mèr virdist enginn efi á því ad póststjórnin ekki eigi ad greida aukaútsvar. Póst-stjórnin hefir nefnilega ekkert verulegt fast adsetur hèr nema ad því leyti ad hún heldur hèr launadann mann, á hvörn er lagt eptir þeim kjörum er póst-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stjórnin láta hann hafa. Póststjórnin á hér engin hús eða eignir, því hún tekur hús á leigu af öðrum manni sem mér virðist að eigi að borga lóðartoll af húsinu, og aukaútsvar af þessum arði eins og hverjum öðrum. Póststjórnin rekur hér enga iðn eða atvinnu, og er öðruvísi á statt með hana en gufuskipafélagið danska sem að meðan það annaðist gufuskipaferðirnar, átti hér hús og verzlaði með ýmislegt svo sem kol, hestu, salt o.s.fr.

Mér fyrir mitt leyti virðist því að svo komnu engin sérleg ástæða til þess að póststjórnin sé látin greiða aukaútsvar.

Sé meiri hluti bæjarfulltrúanna á því að það sé rétt að gera póststjórninni aukaútsvar er það að mínu áliti sjálfsagt að henni sé gert ólíkt útsvar, og væri þá frá minni hendi ekkert á móti því að fyrirspurn væri gerð háyfirvöldum um það, en sé nú einungis minni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hluti bæarfulltrúanna fyrir því að þörtilgjörningu sé gjört útsvar, þá verð eg að álíta það spursmál fallið, nema minni hlutinn óski sér sjerstaklega að spursmál þetta sé borið fram.

Eg hefi ekki viljað láta hjálíða, að skýra hinum heiðruðu bæarfulltrúum frá þessu áliti mínu, en ef að svo er að ekki verði á það fallist, þá verð eg að álíta réttast að málefnið verði á ný tekið til yfirvegunar á sameiginlegum fundi milli mín og bæarstjórnarinnar.

Skrifstofu Bæarfógeta í Reykjavík 24 Ág 1870

AThorsteinson

Til

Bæarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þar eð vér nokkrir sveitarlimir Reykja-
víkur höfum heyrt, að hinn heiðraði fá-
tækrastjóri Jón Árnason á Stöðlakoti ætli
nú að segja af sér þessum starfa, þá er
það vor einlæg ósk, og bón að hann enn
þá vildi halda þeim starfa áfram, sem
með þvílíkri umönnun um oss, og fram-
úrskarandi snarræði oss til handa,
hefur oss úte látið, þá þörfin hefur verið
stærst, ~~sem [illegible]~~

Reykjavík 6. janúar 1870.

Sigurbjörg Guðmundsdóttir.
Guðrún Jónsdóttir. Guðrún Ketilsdóttir
Salvör Ketilsdóttir (allar á Bergi) Eyjólfur
Pálsson. Sakkarías Árnason. Jón Jóns-
son Litlu-Bergstöðum. Ólöf Einarsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Teitur Teitur son

Gudridur Þólleifs dótt

Jón Ingimundsson

Guðmundur Magnússon

Guðrún Skaptadóttir

Sigríður Bjarnardóttir

Rósenkrans Jónasson

Þórður Stefánsson Finnbogi Hróbjartsson

Gísfur Guðmundsson Jarþrúður Jónsdóttir

Halldóra Jónsdóttir Margrjet Páls ekka

Margrét Jónsdóttir á Helgastöðum

Fridrikka Guðmundsdóttir Ingiríður Einarsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

…son

…sdóttir

…kka

…sdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fulltrúarnir bydjast ad koma til fundar í húsum mínum í dag kl 3½ e m; fundarefni er: bréf bæar-fógeta af 30$^{ta}$ f m um spítalagjaldið, ásamt Fl:

Rvík, mánudag 29 ágúst 1870

A Sivertsen

Til
Herra J Pjetursonar sjed
Th Stephensen
O Finsen sjed
E Þordarsonar sjed
J Þordarsonar sjed

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reikningur

1870 yfir aðgjörð á Rennu í Austurstræti | Rd. ß

Maí 31. Lærði 10 ß [illegible] dag 2 [illegible] 9 ß [illegible] 8 [illegible] [illegible] 9. 9 ß til samans 7-2

Ennfr. [illegible], flutningur á grjóti málefn 10-5-4

til samans Rd. 18-1-4

borgað af Herra H. Sívertsen

Reykjavík 17 Júli 1870

[illegible] [illegible]sson

Til

Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að Stiptamtið 21 f. m. í stað Jóns timburmanns Jónssonar, er andaðist 15. Mai þ. á. hafi útnefnt fyrverandi bæjarfulltrúa, snikkara Helga Jónsson til að ganga í byggingarnefndina sem byggingafróðan mann, kjörinn af Amtinu, það gefst hjermeð hinum heiðruðu bæjarfulltrúum til vitundar.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 2 Júlí 1870

A Thorsteinson

Til

bæjarfulltrúanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt tilskip. 10. ágúst 1868 og því, er mjer og bæjarstjórninni hefir komið saman um, hefi jeg ákveðið framtalsþing til spítalagjalds fram 14 Maí 1870 kl. 12 m.d., og vænti jeg að bæjarstjórnin án frekari fundarboðunar komi á fund þenna samkvæmt 4. gr. tilskipunar.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 29. April 1870.

A. Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bréf þetta, ásamt auglýsingunni, berist, ámilli bæarfulltrúana, og afhendist mér síðar.

H. Sveinsson

Einar Þórðarson sjeð.
P. Finsen sjeð
Jon Þórðarson séð
Jón Pétursson séð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ist,
mer

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Auglýsing.

Samkvæmt tilskipan, dags. 10. ágúst 1868, tilsegist hjermeð formönnum skipa og báta hjeðan úr lögsagnarumdæminu að mæta á bæjarþingstofu Reykjavíkur laugardaginn hinn 14. Maímán. 1870 kl. 12 á hádegi til þess í nærveru bæjarstjórnarinnar, samkvæmt tjeðri tilskipan að telja fram afla þeirra af þorski, ísu, steinbít, háfi og lýsi á árinu frá 12. maí 1869 til sama tíma 1870, svo að þaraf verði, eptir áðurnefndri tilskipun, greitt spítalagjald til læknasjóðsins, af skipseigendum er hjer eiga heima á næsta manntalsþingi.

Formenn sem eru utansveitar, en sem hafa róið hjer, eiga að hafa talið fram afla sinn og greitt spítalagjaldið til mín sem lögreglustjóra áður en þeir fara burt hjeðan úr lögsagnarumdæminu.

Í 4. grein tjeðrar tilskipunar er svo tilskilið, að ef að skýrsla hlutaðeiganda um aflaupphæðina reynist ósönn, á sá er hlut á að máli að greiða til læknasjóðsins sekt er sje fimmföld við gjaldupphæð þá er dregin var undan, en mál þau er rísa af ósönnum skýrslum skal farið með sem opinber lögreglumál, nema ástæða sje til að höfða sakamál útaf atferli hlutaðeiganda.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 29. April 1870.

A. Thorsteinson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fulltrúarnir bidjast ad koma til fundar í húsum mínum, í dag e:m kl 4.
Rvík þridjudag 27. septbr 70

H. Sivertsen

til
herra J. Pjetúrssonar sjeð
O. Finsen . . . . . . . sjeð
H. Þórdarsonar sjeð
J. Þórdarsonar séð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til Bæjarstjórnarinnar
í Reykjavík

Nóta

og Til Járnsmiðs G. Jóhannessonar í Reikv
Vinna við prentsmiðjupóstinn í Reik

| | | |
|---|---|---|
| x | Egill í Arabæ í 5 Tíma á 8 ß — — — | 2 ₰ 8 ß |
| x | Teitur í Skakk ditto — — — | 2 – 8 |
| + | Jón Jónsson í Sele 4½ Tíma á 8 ß — — | 2 – 4 |
| udb. | Stephán Björnsson 4½ — — — | 2 – 4 |
| udb. | Bergsveinn Ditto — | 2 – 4 |
| udb. | Jón Ólafsson 4½ — " — — | 2 – 4 |
| | | 2 Rdl 2 ₰ " ß |

Reykjavík 23/3 1870.

udb.

Jón Ólafsson

herra Samþykkur G. Jóhannesson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 19. þ.m. hefir Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi ritað mjer svohljóðandi (: hingað innkomið 23. s.m.) brjef:

„Í þóknanlegu brjefi af 15. þ.m. hefir herra Kanselliráð skýrt frá, að á þingi því, sem haldið var hjer í bænum 14. Maí þ.á. hafi mætt flestallir þeir sem eptir lista þeim er bæjarstjórnin þarum hafði samið, skyldu telja fram til gjaldgreiðslu eptir tilskipun 10. aug. 1868 upphæð fiskiafla síns á tímabilinu frá 12. Maí f.á. til jafnlengdar þ.á., og talið fram veiði sína af þorski og stórdráttum á næstliðinni vetrarvertíð; þaraámóti skýrði enginn frá afla sínum á hinum 3 öðrum vertíðum á umræddu tímabili og afsökuðu menn sig með því, að þeir eigi vissu tölu á þessum vertíðarhlutum. Lýsi var eigi heldur framtalið, því enginn þóttist vita hvað mikið hann hefði af því fengið, og þar hjá voru margir á þeirri meiningu, að þeim bæri eigi að telja fram þorsklýsi, þarsem þorskurinn sjálfur ásamt með lifur sje gjaldskyldur. Herra Kanselliráð vakti á þinginu eptirtekt gjaldenda á því, að ákvörðunum tilsk. 10. Aug. 1868 enganveginn væri veitt fullnusta með slíku framtali, og að þeir því mætti búast við að lögsókn yrði gegn þeim höfðuð. Þjer hafið þarhjá í ofannefndu brjefi gjört ýmsar athugasemdir áhrærandi innihald umgetinna lagaboða og framkvæmdir þess, og sjerílagi leitt athuga að því, að tilsk. að sönnu nefnir þorsk en ekki ísulung eða þesskonar smáfisk, að gjaldið eptir meiningu gjaldenda hvíli á þorskinum útlögðum með lifrinni í og beri því ekki að reikna af lýsi því, er úr lifrinni bræðist, að hinsvegar hákalslýsi sje gjaldskylt, af því fiskurinn sjálfur — að minnsta kosti hjer í lögsagnarumdæminu — ekki sje hirtur, og hvíli því ekki gjald á honum, heldur á lýsinu úr honum; ennfremur hafið þjer fyrirspurt, hvert ekki mundi vera næg heimild til,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

áþekkt því sem reglan er í öllum eða allflestum skatta-
lögum, er skylda gjaldenda að telja fram tekjur sínar, eða
gjaldskyldan arð, að skjóta framtalinu að meira eður
minna af hendi sjer, þannig, að gjaldstofninum verði mat-
inn af hinu opinbera á þann hátt, sem báðum pörtum
gæti verið trygging í, og hafið þjer í þessu tilliti skotið
til analogi af tilskip. 17. Júli 1782 § 3. –

Útaf þessu skal Stiptamtið ekki láta hjá-
líða hjermeð þjenustusamlega að tjá herra Kansellíráði
fylgjandi til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari
ráðstöfunar.

Eins og herra Kansellíráðið eptir ofannefndu brjefi
hefir tjáð öllum gjaldendum á þinginu 14. Mai þ.á., hafa
þeir engan veginn fullnægt vafalausri skyldu sinni eptir
tilskipun 10. Aug. 1868 með tilliti til útreikningsins á gjald-
inu sem tjeð tilskipan leggur á þá til læknasjóðsins á
Íslandi. Því þetta lagaboð gjörir gjaldendum að skil-
yrðislausri skyldu undir eiðstilboð að telja fram
afla sinn af þeim fiskitegundum, sem gjaldið er
lagt á, á öllu tímabilinu frá 12. mai f.á. til jafnlengdar
þ.á., og það er gjaldendunum sjálfum að kenna, að
þeir ekki í tækan tíma hafa búið sig undir að full-
nægja boði laganna í því tilliti. Þegar þeir nú ann-
aðhvort ekki hafa viljað nota eða getað notað sjer
þann rjett, sem lögin heimila þeim til að skýra
sjálfir frá gjaldstofni sínum undir eptirliti hins
opinbera, er það sjálfsagt, að gjaldstofninum verður að
tiltaka án tilhjálpar þeirra eptir analogi af því,
sem löggjafinn í á þekkum tilfellum fyrir skipar, og
álítur Stiptamtið bæði eðli málsins og analogi
löggjafarinnar, sjerstaklega tilskip. 17. Juli 1782 § 2 og 3.,
nægja heimild til að bæjarstjórnin meti aflahlut
sjerhvers gjaldanda á öllu því tímabili, sem hjer er
um að tala, að því leyti gjaldendur ekki hafa sjálfir
notað framtalsrjett sinn, án þess nú þurfi að gefa
þeim kost á hjeðan af, hvort þeir með lögsóknarvilji
láta þinggæsla, eða sjálfviljugir samþykki áskattsins,
því slíkt samþykki er þegjandi gefið með því að
framtalsrjettinum er hafnað. Jeg skal því hjermeð
þjenustusamlega hafa herra Kansellíráð umbeðinn, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

koma því til leiðar, að bæjarstjórnin útfylli sjálf
þann lista, sem hún eptir tilskipun 10. aug. 1868 á að
senda yður sem bæjarfógeta, á þá leið að bæjarstjórnin
meti upphæð aflans eptir sanngirni og sennilegu
hlutfalli hjá hverjum gjaldanda fyrir þann tíma um-
getins árs, er hann ekki sjálfur hefir talið hlutarhæð
sína, og einnig þann mæli lýsis, sem hver gjaldandi
skal svara af. Þegar bæjarstjórnin þannig hefir útfyllt
listann, virðist það samsvara tilganginum, að hann
verði framlagður almenningi til sýnis á þinghúsi
bæjarins í 8 daga, og að gjaldendum gefist færi á, að
hefja mótmæli móti bæjarstjórnarinnar, og að slík mót-
mæli þarnæst sæti úrskurði bæjarstjórnarinnar. Því-
næst skal listinn fenginn yður, herra kanselíráð, og eptir
að hann hefir sætt nauðsynlegri rannsókn og endurskoðun
yðar, ber yður að krefja gjaldið, bæði eptir framtali gjald-
enda og eptir mati bæjarstjórnarinnar, samt að taka
ákvörðun um, hvort tilefni sje til að hefja lögsókn á
hendur nokkrum af gjaldendum útaf framtali
þeirra. Þarsem greiðslu-eindagi gjaldsins þegar er hjáliðinn,
verðið þjer, herra kanselíráð, að setja gjaldendum
stuttan frest fyrir greiðslunni til yðar, og, ef borgun
bresti, að gjöra ráðstöfun til að heimta inn gjaldið
samkvæmt reglunum fyrir innheimtu opinberra gjalda.
Þess má vænta að nefndum ráðstöfunum verði fram-
gengt með slíkum hraða, að herra Kanselíráðið geti
sent Stiptsyfirvöldunum reikninginn yfir gjaldið,
áður en frestur sá sem tiltekinn í tilsk. § 5. er hjáliðinn.

Hvað snertir spursmálin um, hvert gjald-
ið eptir tilsk. § 1.a. skuli greiða af stútungi, og á þekk-
um smáfiski, og hvert gjaldi eptir § 1.b. skuli greiða af
þorskalýsi, samt hvort skal reikna bæði eptir § 1. a og b.
af ísu, steinbít og háfi, skal jeg bæta því við, að þessi
spursmál liggja undir úrgreiðslu dómstólanna, og
að Stiptamtið ekki ætlar sjer að grípa fram fyrir
þá dóms úrgreiðslu, sem þau spursmál eptir eðli hlut-
arins hverfa undir, en skal láta í ljósi, að í þessu til-
liti er væntanlega mest undir því komið, að því er
hinu fyrsta spursmáli viðvíkur, hvort sá minni
fiskur, er þjer kallið „stútung og þesskonar smáfisk“ –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

getur með rjettu talist undir nafninu „þorskur" í venju-
legri merkingu orðsins, og hvort slíkt smáfiski er talið
með þorski þegar reikna skal hlut fiskimanna;
Þarámóti virðist það ekki geta staðist með rjettum
skilningi á tilskipun § 1.6. að undantaka þorsk
eður háfslýsi frá greiðslu gjaldsins. Þykist nokkur
gjaldandi vanhaldinn af þeim reglum, sem bæjar-
stjórnin við mat gjaldstofnsins að hann leyti, er
það honum á sjálfsvaldi að bera slíkt undir dóm-
stólana t.d. við áfrýjun væntanlegrar fjárnáms-
gjörðar.

Listi sá, er fylgdi brjefi herra kanselliráðs af
15. þ.m. endursendist.—"

Jafnframt því að jeg tilkynni hinum heiðruðu bæjarfulltrúum
brjef þetta til þóknanlegrar vitundar, vil jeg hjermeð að beiðast
þess að yður mætti þóknast að útfylla lista þann yfir spítala-
gjalds-greiðendur, er jeg hefi fengið, með hlutar upphæð fyrir
þær vertíðir, sem að hlutaðeigendur ekki hafa sjálfir skýrt
frá, allt á þann hátt og innan þess tíma sem að stipt-
amtið hefir óskað eptir.

Jeg læt þess getið, að jeg þegar hinir heiðruðu bæjar-
fulltrúar óska þess, skal veita þá frekari upplýsingar
er eptir kynni að verða óskað, sem og, eptir vísbendingu
þar um, koma á fund þann, er þjer kunnið að halda um
þetta mál, þegar þjer hafið kynnt yður innihald brjefs
þessa.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 30. júlí 1870.—

A. Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

meðtekið 1/8.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Viðlagða brjef frá bæarfógetanum, dags: 30. f: m:, berist milli fulltrúanna, og afhendist mjer síðan.

Rvík 1. ágúst 70

H. A. Sivertsen

Til
herra J. Pjetúrssonar red.
O. Finsen sýsl.
E. Þórðarsonar prent.
J. Þórðarsonar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir í

**Borgarfjarðar- Gullbringu og Kjósar- Árness- Rángárvalla- og Vestmannaeya-sýslum samt Reykjavíkur kaupstað**

frá miðju maímánaðar **1869** til sama tíma **1870**.

| | | Ríkismynt | | Hundrað á | | Alin. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Rdl. | Sk. | Rdl. | Sk. | Sk. |
| | **A. Fríður peníngur:** | | | | | |
| 1. | 1 c 1 Kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum Október til Nóvembermánaðar loka, í fardögum . . . . . . à | 39 | 29 | 39 | 29 | $31\frac{1}{2}$ |
| 2. | — 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fardögum, hver à | 5 | 25 | 31 | 54 | $25\frac{1}{4}$ |
| 3. | — 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti . . . . . — - | 6 | 20 | 37 | 24 | $29\frac{3}{4}$ |
| 4. | — 8 — tvævetrir . - — . . . . . . . — - | 4 | 81 | 38 | 72 | 31 |
| 5. | — 12 — veturgamlir - — . . . . . . . — - | 3 | 69 | 44 | 60 | $35\frac{2}{8}$ |
| 6. | — 8 ær geldar . . - — . . . . . . . — - | 4 | 63 | 37 | 24 | $29\frac{3}{4}$ |
| 7. | — 10 — mylkar . . - — . . . . . . . — - | 3 | 27 | 32 | 78 | $26\frac{1}{4}$ |
| 8. | — 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fardögum à | 17 | 42 | 17 | 42 | 14 |
| 9. | — $1\frac{1}{3}$ hryssu, á sama aldri . . . . . . . hver à | 11 | 26 | 15 | 3 | 12 |
| | **B. Ull, smjör og tólg:** | | | | | |
| 10. | 1 c 120 ℔ af hvítri ullu, vel þveginni . . . . pundið à | » | $30\frac{1}{4}$ | 37 | 78 | $30\frac{1}{4}$ |
| 11. | — 120 - af mislitri ullu, vel þveginni . . . . . . — - | » | $23\frac{2}{3}$ | 29 | 56 | $23\frac{2}{3}$ |
| 12. | — 120 - af smjöri, vel verkuðu . . . . . . — - | » | $29\frac{1}{4}$ | 36 | 54 | $29\frac{1}{4}$ |
| 13. | — 120 - af tólg, vel bræddri . . . . . . . . — - | » | $19\frac{1}{4}$ | 24 | 6 | $19\frac{1}{4}$ |
| | **C. Tóvara af ullu:** | | | | | |
| 14. | 1 c 30 ℔ hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði, pundið à | » | » | » | » | » |
| 15. | — 60 pör eingirnissokka . . . . . . . . parið à | » | $39\frac{3}{4}$ | 24 | 81 | 20 |
| 16. | — 30 — tvíbands gjaldsokka . . . . . . . — - | » | 48 | » | » | » |
| 17. | — 180 — sjóvetlínga . . . . . . . . . . . — - | » | 11 | 20 | 60 | $16\frac{1}{2}$ |
| 18. | — 20 eingirnispeisur . . . . . . . . . . hver à | 1 | 19 | » | » | » |
| 19. | — 15 tvíbands gjaldpeisur . . . . . . . . — - | 1 | 87 | » | » | » |
| 20. | — 120 álnir gjaldvoðar vaðmáls, álnar breiðs . . 1 alin à | » | 55 | » | » | » |
| 21. | — 120 — einskeptu, 1 al. til 5 kv. breiðrar . . - — - | » | 40 | » | » | » |
| | **D. Fiskur:** | | | | | |
| 22. | 1 c 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum . . . . vættin à | 5 | 9 | 30 | 54 | $24\frac{1}{2}$ |
| 23. | — 6 — - harðfiski, — —— . . . . . — - | 8 | 14 | 48 | 84 | 39 |
| 24. | — 6 — - þyrsklíngi,— —— . . . . . — - | 5 | 53 | 33 | 30 | $26\frac{1}{2}$ |
| 25. | — 6 — - hákarli, hertum . . . . . . . . — - | 4 | 72 | 28 | 48 | 23 |
| 26. | — 6 — - ísu, hertri . . . . . . . . . . — - | 5 | 26 | 31 | 60 | $25\frac{2}{3}$ |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Ríkismynt | | Hundrað á | | Alin. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | **E. Lýsi:** | Rdl. | Sk. | Rdl. | Sk. | Sk. |
| 27. | 1 c 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis . . . . . 8 pottar à | 1 | 27 | 19 | 21 | $15\frac{2}{3}$ |
| 28. | — 1 — — - hákarlslýsis . . . . - — - | 1 | 57 | 23 | 87 | 19 |
| 29. | — 1 — — - selslýsis . . . . . . - — - | 1 | 55 | 23 | 57 | $18\frac{3}{4}$ |
| 30. | — 1 — — - þorskalýsis . . . . . . - — - | 1 | 38 | 20 | 90 | $16\frac{3}{4}$ |
| | **F. Skinnavara:** | | | | | |
| 31. | 1 c 4 fjórðúngar nautskinns . . . . . . . 10 pund à | 5 | 48 | 22 | " | $17\frac{2}{3}$ |
| 32. | — 6 —— kýrskinns . . . . . . — — - | 4 | 54 | 27 | 36 | 22 |
| 33. | — 6 —— hross-skinns . . . . . — — - | 3 | 22 | 21 | 24 | 17 |
| 34. | — 8 —— sauðskinns, af tvævetrum og eldri . . . . . . . . — — - | 2 | 77 | 22 | 40 | 18 |
| 35. | — 12 —— sauðskinns, af veturgömlum og ám . . . . . . . . — — - | 2 | 14 | 25 | 72 | $20\frac{2}{3}$ |
| 36. | — 6 —— selskinns . . . . . . . . — — - | 3 | 68 | 22 | 24 | 18 |
| 37. | — 240 lambskinn (vorlamba), einlit . . . . . hvert à | » | 7 | 17 | 48 | 14 |
| | **G. Ýmislegt:** | | | | | |
| 38. | 1 c 6 ℔ af æðardún, vel hreinsuðum . . pundið à | 5 | 57 | 33 | 54 | 27 |
| 39. | — 40 - - —— óhreinsuðum . . . . . . — - | 1 | 66 | 67 | 48 | 54 |
| 40. | — 120 - - fuglafiðri . . . . . . . . 10 pund à | 3 | 33 | 40 | 12 | 32 |
| 41. | — 40 - - fjallagrösum . . . . . . . — — - | 1 | 34 | 5 | 40 | $4\frac{1}{3}$ |
| 42. | 5 álnir 1 dagsverk um heyannir . . . . . . . . . . | 1 | 1 | 24 | 24 | $19\frac{2}{5}$ |
| 43. | 5 — 1 lambsfóður . . . . . . . . . . . . . . | 1 | 50 | 36 | 48 | $29\frac{1}{5}$ |

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrrtöldum landaurum verður:

| | Rdl. | Sk. | Alin Sk. |
|---|---|---|---|
| *Eptir A. eða í fríðu* . . . . . . . . . . . . . . . . | 32 | 64 | 26 |
| — *B.* — *í ullu, smjöri og tólg* . . . . . . . . . . . . . | 31 | 91 | $25\frac{1}{3}$ |
| — *C.* — *í ullar tóvöru* . . . . . . . . . . . . . . . | 22 | 70 | $18\frac{1}{4}$ |
| — *D.* — *í fiski* . . . . . . . . . . . . . . . . . | 34 | 55 | $27\frac{2}{3}$ |
| — *E.* — *í lýsi* . . . . . . . . . . . . . . . . . | 21 | 88 | $17\frac{1}{2}$ |
| — *F.* — *í skinna-vöru* . . . . . . . . . . . . . . . | 22 | 62 | 18 |
| En meðalverð allra landaura samantalið, . . . . . . . . . . . | 166 | 46 | $132\frac{11}{12}$ |
| og skipt með 6, sýnir: **meðalverð allra meðalverða** . . . . | **27** | **72** | **$22\frac{1}{5}$** |

*Íslands Stiptamt og skrifstofa Biskups, Reykjavík 20. Febrúar 1869.*

**Hilmar Finsen. P. Pjetursson.**

*Í prentsmiðju Íslands. Einar Þórðarson.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir í

**Borgarfjarðar- Gullbringu og Kjósar- Árness- Rángárvalla- og Vestmannaeya-sýslum samt Reykjavíkur kaupstað**

frá miðju maímánaðar **1869** til sama tíma **1870**.

| | | Ríkismynt | | Hundrað á | | Alin. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | **A. Fríður peníngur:** | Rdl. | Sk. | Rdl. | Sk. | Sk. |
| 1. | 1 c 1 Kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum Október til Nóvembermánaðar loka, í fardögum . . . . . . à | 39 | 29 | 39 | 29 | 31 1/2 |
| 2. | — 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fardögum, hver à | 5 | 25 | 31 | 54 | 25 1/4 |
| 3. | — 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti . . . . . — - | 6 | 20 | 37 | 24 | 29 3/4 |
| 4. | — 8 — tvævetrir . - — . . . . . . . . — - | 4 | 81 | 38 | 72 | 31 |
| 5. | — 12 — veturgamlir - — . . . . . . . — - | 3 | 69 | 44 | 60 | 35 2/8 |
| 6. | — 8 ær geldar . . - — . . . . . . . . — - | 4 | 63 | 37 | 24 | 29 3/4 |
| 7. | — 10 — mylkar . . - — . . . . . . . . — - | 3 | 27 | 32 | 78 | 26 1/4 |
| 8. | — 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fardögum à | 17 | 42 | 17 | 42 | 14 |
| 9. | — 1 1/3 hryssu, á sama aldri . . . . . . . hver à | 11 | 26 | 15 | 3 | 12 |
| | **B. Ull, smjör og tólg:** | | | | | |
| 10. | 1 c 120 ℔ af hvítri ullu, vel þveginni . . . . pundið à | » | 30 1/4 | 37 | 78 | 30 1/4 |
| 11. | — 120 - af mislitri ullu, vel þveginni . . . . . . — - | » | 23 2/3 | 29 | 56 | 23 2/3 |
| 12. | — 120 - af smjöri, vel verkuðu . . . . . . . — - | » | 29 1/4 | 36 | 54 | 29 1/4 |
| 13. | — 120 - af tólg, vel bræddri . . . . . . . . — - | » | 19 1/4 | 24 | 6 | 19 1/4 |
| | **C. Tóvara af ullu:** | | | | | |
| 14. | 1 c 30 ℔ hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði, pundið à | » | » | » | » | » |
| 15. | — 60 pör eingirnissokka . . . . . . . . parið à | » | 39 3/4 | 24 | 81 | 20 |
| 16. | — 30 — tvíbands gjaldsokka . . . . . . . . — - | » | 48 | » | » | » |
| 17. | — 180 — sjóvetlínga . . . . . . . . . . — - | » | 11 | 20 | 60 | 16 1/2 |
| 18. | — 20 eingirnispeisur . . . . . . . . . . . hver à | 1 | 19 | » | » | » |
| 19. | — 15 tvíbands gjaldpeisur . . . . . . . . . — - | 1 | 87 | » | » | » |
| 20. | — 120 álnir gjaldvoðar vaðmáls, álnar breiðs . . 1 alin à | » | 55 | » | » | » |
| 21. | — 120 — einskeptu, 1 al. til 5 kv. breiðrar . . - — - | » | 40 | » | » | » |
| | **D. Fiskur:** | | | | | |
| 22. | 1 c 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum . . . . vættin à | 5 | 9 | 30 | 54 | 24 1/2 |
| 23. | — 6 — - harðfiski, — —— . . . . . — - | 8 | 14 | 48 | 84 | 39 |
| 24. | — 6 — - þyrsklíngi,— —— . . . . . — - | 5 | 53 | 33 | 30 | 26 1/2 |
| 25. | — 6 — - hákarli, hertum . . . . . . . — - | 4 | 72 | 28 | 48 | 23 |
| 26. | — 6 — - ísu, hertri . . . . . . . . . . — - | 5 | 26 | 31 | 60 | 25 2/3 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Ríkismynt | | Hundrað á | | Alin. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Rdl. | Sk. | Rdl. | Sk. | Sk. |
| | **E. Lýsi:** | | | | | |
| 27. | 1 ℔ 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis . . . . . 8 pottar à | 1 | 27 | 19 | 21 | $15\frac{2}{3}$ |
| 28. | — 1 — — - hákarlslýsis . . . . - — - | 1 | 57 | 23 | 87 | 19 |
| 29. | — 1 — — - selslýsis . . . . . . . - — - | 1 | 55 | 23 | 57 | $18\frac{3}{4}$ |
| 30. | — 1 — — - þorskalýsis . . . . . . - — - | 1 | 38 | 20 | 90 | $16\frac{3}{4}$ |
| | **F. Skinnavara:** | | | | | |
| 31. | 1 ℔ 4 fjórðúngar nautskinns . . . . . . . 10 pund à | 5 | 48 | 22 | » | $17\frac{2}{3}$ |
| 32. | — 6 —— kýrskinns . . . . . . — — - | 4 | 54 | 27 | 36 | 22 |
| 33. | — 6 —— hross-skinns . . . . . — — - | 3 | 22 | 21 | 24 | 17 |
| 34. | — 8 —— sauðskinns, af tvævetrum og eldri . . . . . . . . . — — - | 2 | 77 | 22 | 40 | 18 |
| 35. | — 12 —— sauðskinns, af veturgömlum og ám . . . . . . . . — — - | 2 | 14 | 25 | 72 | $20\frac{2}{3}$ |
| 36. | — 6 —— selskinns . . . . . . . — — - | 3 | 68 | 22 | 24 | 18 |
| 37. | — 240 lambskinn (vorlamba), einlit . . . . . hvert à | » | 7 | 17 | 48 | 14 |
| | **G. Ýmislegt:** | | | | | |
| 38. | 1 ℔ 6 ℔ af æðardún, vel hreinsuðum . . pundið à | 5 | 57 | 33 | 54 | 27 |
| 39. | — 40 - - —— óhreinsuðum . . . . . . — - | 1 | 66 | 67 | 48 | 54 |
| 40. | — 120 - - fuglafiðri . . . . . . . . 10 pund à | 3 | 33 | 40 | 12 | 32 |
| 41. | — 40 - - fjallagrösum . . . . . . . — — - | 1 | 34 | 5 | 40 | $4\frac{1}{3}$ |
| 42. | 5 álnir 1 dagsverk um heyannir . . . . . . . . . . | 1 | 1 | 24 | 24 | $19\frac{2}{5}$ |
| 43. | 5 — 1 lambsfóður . . . . . . . . . . . . . . | 1 | 50 | 36 | 48 | $29\frac{1}{5}$ |

---

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrrtöldum landaurum verður:

| | Rdl. | Sk. | Alin Sk. |
|---|---|---|---|
| *Eptir A. eða í fríðu* . . . . . . . . . . . . . . . . | 32 | 64 | 26 |
| — *B.* — *í ullu, smjöri og tólg* . . . . . . . . . . . | 31 | 91 | $25\frac{1}{2}$ |
| — *C.* — *í ullar tóvöru* . . . . . . . . . . . . . . | 22 | 70 | $18\frac{1}{4}$ |
| — *D.* — *í fiski* . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 34 | 55 | $27\frac{2}{3}$ |
| — *E.* — *í lýsi* . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 21 | 88 | $17\frac{1}{2}$ |
| — *F.* — *í skinna-vöru* . . . . . . . . . . . . . . . | 22 | 62 | 18 |
| En meðalverð allra landaura samantalið, . . . . . . . . . . . . | 166 | 46 | $132\frac{11}{12}$ |
| og skipt með 6, sýnir: **meðalverð allra meðalverða** . . . . | **27** | **72** | **$22\frac{1}{5}$** |

*Íslands Stiptamt og skrifstofa Biskups, Reykjavík 20. Febrúar 1869.*

**Hilmar Finsen. P. Pjetursson.**

*Í prentsmiðju Íslands. Einar Þórðarson.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá Stiftamtmanninum yfir Islandi hefi eg ídag meðtekið bréf dags. 21 þ.m. á þessa leið:

Eptir að herra Cancelliráð með þóknanlegu bréfi hefir innsendt undirgefna beiðni bæarfulltrúa Jóns Þórðarsonar um lausn frá þessu starfi, ásamt læknisvottorð um heilbrygðisástand hans, skal Stiftamtið samkvæmt bréfi sínu af 21 Sept. þ.á. hérmeð samþykkja, að sú af honum umbeðna lausn frá nefndu starfi sem bæarfulltrúa í Reykjavík veitist honum frá 31 þ.m. að telja.

Þetta gjörist hérmeð herra Cancelliráðinu til auglýsingar fyrir hlutaðeigandi og frekari nauðsynlegrar ráðstöfunar

Skrifstofu Bæarfógeta í Reykjavík 23 Dec 1870

A Thorsteinson

Til

Bæarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer að senda hinum heiðruðu

f. bæjarfulltrúunum, til þóknanlegrar frekari aðgjörða, útskript úr bygginganefndarbók Reykjavíkur, frá í dag, viðvíkjandi:

a. Útvísun til E. Zoëga á lóðarstykki milli Móhúsatúns og Thomsenstúns, því sama sem Þorláki Pjeturssyni var útmælt 13 Maí 1864, en hingað til ekki hefir hagnýtt á löglegan hátt, og

b. Útvísun til kaupmanns G. Lambertsens á bletti milli Móhúsa og Tjarnarendans.

f. Til leiðbeiningar læt jeg fylgja útskript úr bygginganefndarbókinni innihaldandi:

1. útvísun á lóðarstykkinu, sem nefnt er undir a að ofan, til Þorláks Pjeturssonar, dags. 13. Maí 1864,

2. útvísun frá 22. Maí 1866, til G. Lambertsens á bletti niðurundan Móhúsalóðinni. –

Eptir afnotin óska jeg að fá útskriptirnar endursendar.

Skrifstofu Bæjarfógeta í Reykjavík, 31/3 – 1870.

Thorsteinsson

Til
Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 21. þ. m. hefir Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi ritað mjer þannig:

„Með þóknanlegu brjefi frá yður hefir herra Cancellíráð sent Stiptamtinu:

1. Beiðni bæjarfulltrúa Jóns Þórðarsonar um lausn frá þessari sýslan sinni;
2. Beiðni formanns og varaformanns bæjarfulltrúanna, H. A. Sivertsens og assessors J. Pjeturssonar, samt bæjarfulltrúanna O. Finsens og E. Þórðarsonar, einnig um lausn frá sömu sýslun, samt brjef til þessara 4 beiðenda af 12. þ. m. frá 57 bæjarbúum.
3. útskript af gjörðabók bæjarfulltrúanna af 19. þ. m. –

Það er ljóst af þessum fylgiskjölum, að Jón Þórðarson þann 30. f. m. hefir beðist lausnar, sumpart af því hann, sem einatt tjáist hafa fundið ófullkomlegleika sína til þess starfa, sjái sjer nú ekki fært að taka lengur þátt í honum, þar hann verði að líta svo á að hann sje þar til einkis gagns, af því það sje svo margt, sem hann geti ekki orðið meðstarfendum sínum samdóma um, og sumpart af því, að heilsa hans varla leyfi honum að taka þátt í þeim störfum. Af hinni meðfylgjandi útskript af gjörðabókinni, sem er meðundirskrifuð af Jóni Þórðarsyni, sjest það samt sem áður, að enginn verulegur ágreiningur hefir verið milli hans og hinna annara bæjarfulltrúa, nema í málinu um niðurjöfnun spítalagjaldsins, sem brjef Stiptamtsins af 19. Júlí þ. á. uppálagði herra Cancellíráði að láta bæjarstjórnina framkvæma samkvæmt tilskipun 10. aug. 1868. Bæjarfulltrúarnir hafa því ekki getað viðurkennt þá ástæðu gilda, sem hann í þessu tilliti hefir fært fyrir beiðni sinni, en hafa þar á móti ekki vefengt hina aðra ástæðu, sem liggur í heilsufari hans, honum til lausnar, og hefir herra Cancellíráð fallist á þetta, og bæjarstjórnin þarnæst skotið spursmálinu um lausn Jóns Þórðarsonar undir úrskurð amtsins með þeirri athugasemd, að ekkert sje hinni til tálma frá hálfu bæjarstjórnarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þareð beiðni Jóns Þórðarsonar um lausn, þannig eingöngu getur ástæðu við heilsufar hans, álítur Stiptamtið nauðsynlegt, áður enn úrskurður verði á hana lagður, að læknisvottorð verði hjer um útvegað, og skal, svo framarlega sem Jón Þórðarson sendir hingað slíkt vottorð, er sanni, að heilsufar hans ekki leyfi honum að gegna bæjarfulltrúastörfum, veita honum umbeðna lausn.

Að því er þarnæst snertir beiðni hinna annara 4. bæjarfulltrúa um lausn frá nefndri sýslun, hafa þeir í brjefi sínu af 19. þ.m. látið í ljósi, að hún eingöngu sje framkomin af brjefi því, er með beiðninni liggur sem fylgiskjal, frá 57 húseigendum og húsmönnum hjer í bænum, hvar í þessir lýsa óánægju sinni yfir því, að nefndir bæjarfulltrúar eptir skipan Stiptamtsins og samkv. tilsk. 10. Aug. 1868 hafa jafnað niður þeim hluta spítalagjaldsins, sem gjaldendur ekki hafa viljað segja til eða ekki getað sagt til. Þótt nú nefndir 4 bæjarfulltrúar í beiðni sinni taki það sjerstaklega fram, að þeir við umrætt tækifæri einungis hafi breytt eptir skyldu sinni, og sjái því enga ástæðu til að leggja niður störf sín í óánægju þeirri, sem þeim hefir verið í ljósi látin yfir því af ýmsum bæjarbúum, hafa þeir þó ætlað, að sú óþokki og skortur á trausti, sem þessir menn bera til þeirra, af því þeir hafa gegnt skyldu sinni, geti komið fram í eða viðvíkjandi öðrum áríðandi málefnum, sem bæjarfulltrúarnir kynni að taka þátt í, og hvar þeir, eins og við umrætt tækifæri, fylgja sannfæringu sinni um það, sem rjett er, og beðið Stiptamtið að veita sjer lausn frá bæjarfulltrúasýslaninni hið fyrsta unnt er, og í seinasta lagi við lok yfirstandandi árs. Herra Cancelliráð hefir látið í ljósi að hin framkomna yfirlýsing 57 bæjarbúa ekki gefi nægilega ástæðu til þess, að þeim umræddu bæjarfulltrúum beri að veita lausn, og í því tilliti sjerílagi gjört gildandi, að þessir bæjarfulltrúar einungis hafi framkvæmt það sem tilsk. 10. aug. 1868 og yfirvaldsskipun hafi lagt þeim á herðar; að rjettur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá, sem lögin heimila borgurunum og bæjarbúum að
kjósa bæjarfulltrúa, sje bundinn föstum reglum, og
rjettur þeirra til að ráða hverjir vera skuli bæjarfull-
trúar, nái ekki út yfir þessi takmörk, og að það afleið-
inganna vegna sje hæpið að gegna slíkum áskorunum,
sem þeirri er hjer liggur fyrir.

Það eð enginn efi getur á því verið, að þeir
4 áðurnefndu bæjarfulltrúar með því að hlýðnast skip-
un þeirri, er Stiptamtið samkvæmt tilsk. 11. aug. 1868 hafði
gefið þeim, að eins hafa gjört skyldu sína, og þar óá-
nægja sú, sem 57 bæjarbúar hafa lýst í þessu tilefni,
þannig ekki á nokkurn hátt verður rjettlætt með hlýðni
þessara bæjarfulltrúa við Stiptamtsskipunina, hverrar
lögmæti Stiptamtið, einsog sjálfsagt er, ábyrgist, getur
Stiptamtið ekki álitið þá áskorun, sem þeir 57 hafa
beint að bæjarfulltrúunum, öðruvísi en ítarlegri tilraun
til að óhlýðnast gildandi lögum, hvar að einstökum æsinga-
menn hafa stutt með miklu kappi, alt frá því að
tilskipunin kom út. Það eð þetta óánægjumerki og
þarvið bundin áskorun þannig öðrum hefir þýðingu
sem vottur um, að þeir 57 undirskrifendur ekki hafa
þá tilfinningu, sem annars er máttarstólpinn fyrir
sjerhverju upplýstu borgarafjelagi, að borgararnir sje fje-
lagi skyldugir um skilyrðislausa hlýðni við lögin, getur
Stiptamtið ekki fallist á, að 4 menn nefndir bæjarfulltrú-
ar, enda þó þeir hafi fasta sannfæringu um að þeir
hafi breytt rjett í greindu máli, og að óánægjan yfir
breytni þeirra sje ástæðulaus, samt sem áður hafa
ætlað, að þeir ættu að láta eptir svo ástæðulausri
yfirlýsingu 57 bæjarbúa, af hverjum, það Stiptamtið
fær sjeð, varla meir en fimmti hver er meðal þeirra
borgara, fyrir hverra kosningu optnefndir fjórir bæjar-
fulltrúar eru kallaðir til sætis í bæjarstjórninni. Það
er auðsært að afleiðingarnar af því, ef látið yrði
undan slíkum óheimilum og ástæðulausum mein-
inga yfirlýsingum, gæti komið því til vegar, að ómögulegt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

yrði að fá almennilega duglega bæjarstjórn í Reykjavíkur kaupstað, og lausn hinna núverandi bæjarfulltrúa af álíkri ástæðu mundi þannig geta leitt af sjer ekki litla hættu fyrir stjórn kaupstaðarins eptirleiðis.

Stiptamtið finnur því ekki ástæðu til að veita þm. hrr. H. A. Sivertsen, J. Pjeturssyni, O. Finsen og E. Þórðarsyni umbeðna lausn frá sýslun þeirra sem bæjarfulltrúa. –

Með framanskrifaða vildi herra Cancellíráð þóknanlega tilkynna hlutaðeigendum." –

Það undanfelli jeg ekki hjermeð að gefa yður til þóknanlegrar vitundar.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 23. Sept. 1870.

A Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit

Yður er það kunnugt að löggjöfin 10. Ág 1868
um spítalagjaldið, er mjög óvinsæl meðal
allra þeirra Íslendinga sem fiskiveiðar stunda,
og af þeim lesa að öllu eður miklu. Yður er það og
kunnugt, að bændur þeir sem af yfirvöldunum eru
til nefndir, til að skipa formönnum og skipseigendum
gjöld fyrir þær vertíðir, er þeir eigi hafa treyst sér
til, að leggja til afla síns, hafa að minnsta kosti í
Gullbringu sýslu og Kjósarsýslu skorast undan að takast
á hendur þetta mál. Vér ætlum og að yður mætti
hafa verið fullljóst, enn og það er víst að engin
skylda knúði yður til, að takast á hendur mál á afla
vorum haust og vorvertíðir 1869. og að þetta lá fyrir
utan yðar verkahring sem bæjarfulltrúa, en allt
um það, urðuð þér fyrstir og einir til að skipa
fiskimönnum þetta gjald.
Þetta verðum vér að taka svo, sem yður annaðhvort
sé eigi svo annt um þarfir og óskir Reykjavíkurbúa
sem óskandi væri, eða þér eigi fyllilega skiljið
stöðu yðar.
Vér getum því eigi lengur treyst því, að
þér í vanda málum, sem yður kunni að höndum
bera, sem fulltrúum bæjarins, haldið því við rjett
yðar og bæjarbúanna og þykjumst jafnvel eiga það á
hættu, að þér, ef svo ber undir, gangið að ósekju
undir eitthvað það, sem geti bakað bæjarbúum
ýmsa örðugleika og sökum þessa traustsskorts, verðum
vér undirskrifaðir að skora á yður alla þrjá
fulltrúa bæjarins, sem unnuð að því að skipa
formönnum og skipseigendum hér í Reykjavík að borga
spítalagjald fyrir hið síðasta ár, að afsala yður nú þegar
fulltrúastöðunni yðar, svo að aðrir menn komi í yðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stað, er bæjarbúar bera meira traust til

Reykjavík 12. Sept 1870

S Steingrímsson
J Þórðarson
Magnús Vigfússon
Bjarni Oddsson
Jón Guðmundsson
J Zoëga
G Erlendsson
Jón Árnason
J Guðmundsson
O Steingrímsson
Þ.O. Gíslason
Magnús Einarsson
Ólafur Guðlaugsson
Sigurður Þórðarson
Einar Sigvaldason
Bergur Pálsson
J J Melsteð
Magnús Jónsson
Einar Jónsson
G Þórðarson
J Ólafsson
Guðmundur Einarsson
Jóhannes Magnússon
Einar Árnason
Svein Ingimundsson
Jacob Steingrímsson
G Gíslason
Þórður Torfason
Torfi Jónsson
Runólfur Jónsson
Egill Gunnlaugsson
Joh Olsen
Einar Bjarnason

B Pjetursson
Sigurður Jónsson
N Jafetsson
Einar Einarsson
Jón Árnason
Stephan Valdemarsson
Stephan Jóhannesson
Niels Eyólfsson
Hans Jónsson
Ásbjörn Sæmundsson
Jón Jónsson
Erlendur Hannesson
Magnús Magnússon
Sigurður Jónsson
Páll Magnússon
Grímur Guðnason
Johan Johnsson
Ingimundur Sigurðsson
Jón Oddsson
Ingjaldur Ingjaldsson
Gísli Björnsson
Einar Jónsson
Magnús Þorkelsson
Kristjón Gíslason

Til
bæjarstjórnarinnar í Reykjavík
Petur H Sívertsen amtmanns J Pjetursson Þorsteinn O Finsen prentari

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt heimild er bæarstjórnin hefir veitt til þess mætti bæargjaldkeranum þóknast að taka kassalán, nú fyrst að upphæð 300 rd.-s með ótilteknum [?] gjalddaga eður til endurborgunar í sumar gegn 4% vöxtum p. á. samt tryggingu í árstekjum bæarsjóðsins [?]

Skrifstofu Bæarfógeta í Reykjavík 15 Marts 1870

A Thorsteinson [?]

Til

Bæargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer að senda

1/. herra bæjargjaldkeranum: aukaniðurjöfnun bæjargjaldanna fyrir árið 1870, til þóknanlegra apurata og frekari aðgjörða á vanalegan hátt

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 22. ágúst 1870.

AThorsteinsson

Til

Bæjargjaldkerans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

**Borgarfjarðar- Gullbringu- og Kjósar- Árness- Rángárvalla- og Vestmannaeya-sýslu, samt Reykjavíkurbæ.**

frá miðju maímánaðar **1870** til sama tíma **1871**.

| | | Ríkismynt | | Hundrað á | | Alin. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Rdl. | Sk. | Rdl. | Sk. | Sk. |
| | **A. Fríður peníngur:** | | | | | |
| 1. | 1 cr 1 Kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum Október til Nóvembermánaðar loka, í fardögum . . . . . . à | 40 | 19,5 | 40 | 19,5 | 32,2 |
| 2. | — 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fardögum, hver à | 5 | 22,5 | 31 | 39 | 25,1 |
| 3. | — 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti . . . . . — - | 6 | 12,5 | 36 | 75 | 29,5 |
| 4. | — 8 — tvævetrir . - — . . . . . . . . — - | 4 | 75,5 | 38 | 28 | 30,8 |
| 5. | — 12 — veturgamlir - — . . . . . . . . — - | 3 | 56 | 43 | » | 34,5 |
| 6. | — 8 ær geldar . . - — . . . . . . . . — - | 4 | 38 | 35 | 16 | 28,1 |
| 7. | — 10 — mylkar . . - — . . . . . . . . — - | 3 | 16,5 | 31 | 69 | 25,5 |
| 8. | — 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fardögum à | 17 | 76 | 17 | 76 | 14,2 |
| 9. | — 1⅓ hryssu, á sama aldri . . . . . . . . hver à | 11 | 61 | 15 | 49 | 12,4 |
| | **B. Ull, smjör og tólg:** | | | | | |
| 10. | 1 cr 120 ℔ af hvítri ullu, vel þveginni . . . . pundið à | » | 28,1 | 35 | 12 | 28,1 |
| 11. | — 120 - af mislitri ullu, vel þveginni . . . . . . — - | » | 21 | 26 | 24 | 21 |
| 12. | — 120 - af smjöri, vel verkuðu . . . . . . . . — - | » | 28,5 | 35 | 60 | 28,5 |
| 13. | — 120 - af tólg, vel bræddri . . . . . . . . . — - | » | 18 | 22 | 48 | 18 |
| | **C. Tóvara af ullu:** | | | | | |
| 14. | 1 cr 30 ℔ hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði, pundið à | » | » | » | » | » |
| 15. | — 60 pör eingirnissokka . . . . . . . . parið à | » | 33,5 | 20 | 90 | 16,7 |
| 16. | — 30 — tvíbands gjaldsokka . . . . . . . . — - | » | 48,2 | » | » | » |
| 17. | — 180 — sjóvetlínga . . . . . . . . . . . — - | » | 10,2 | 19 | 12 | 15,3 |
| 18. | — 20 eingirnispeisur . . . . . . . . . . hver à | 1 | 11 | » | » | » |
| 19. | — 15 tvíbands gjaldpeisur . . . . . . . . . — - | 1 | 78 | » | » | » |
| 20. | — 120 álnir gjaldvoðar vaðmáls, álnar breiðs . . 1 alin à | » | 54 | » | » | » |
| 21. | — 120 — einskeptu, 1 al. til 5 kv. breiðrar . . - — - | » | 38,6 | » | » | » |
| | **D. Fiskur:** | | | | | |
| 22. | 1 cr 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum . . . . vættin à | 5 | 6 | 30 | 36 | 24,3 |
| 23. | — 6 — - harðfiski, — —— . . . . . . — - | 7 | 2,5 | 42 | 15 | 33,7 |
| 24. | — 6 — - þyrsklíngi,— —— . . . . . . — - | 5 | 53 | 33 | 30 | 26,7 |
| 25. | — 6 — - ísu, hertri . . . . . . . . . . . — - | 4 | 69,5 | 28 | 33 | 22,7 |
| 26. | — 6 — - hákarli, hertum . . . . . . . . . — - | 4 | 92 | 29 | 72 | 23,8 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Ríkismynt | | Hundrað á | | Alin. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Rdl. | Sk. | Rdl. | Sk. | Sk. |
| | **E. Lýsi:** | | | | | |
| 27. | 1 c 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis . . . . . 8 pottar à | 1 | 34 | 20 | 30 | 16,2 |
| 28. | — 1 — — - hákarlslýsis . . . . - — - | 1 | 49,5 | 22 | 70 | 18,2 |
| 29. | — 1 — — - selslýsis . . . . . . . . - — - | 1 | 55,3 | 23 | 61 | 18,9 |
| 30. | — 1 — — - þorskalýsis . . . . . . . - — - | 1 | 30 | 19 | 66 | 15,7 |
| | **F. Skinnavara:** | | | | | |
| 31. | 1 c 4 fjórðúngar nautskinns . . . . . . . . 10 pund à | 5 | 57,5 | 22 | 38 | 18 |
| 32. | — 6 —— kýrskinns . . . . . . . — — - | 4 | 57,5 | 27 | 57 | 22,1 |
| 33. | — 6 —— hross-skinns . . . . . . . — — - | 3 | 51 | 21 | 18 | 17 |
| 34. | — 8 —— sauðskinns, af tvævetrum og eldri . . . . . . . . . . — — - | 3 | 5 | 24 | 40 | 19,5 |
| 35. | — 12 —— sauðskinns, af veturgömlum og ám . . . . . . . . . . — — - | 2 | 16,4 | 26 | 5 | 20,9 |
| 36. | — 6 —— selskinns . . . . . . . . . — — - | 3 | 68,5 | 22 | 27 | 17,8 |
| 37. | — 240 lambskinn (vorlamba), einlit . . . . . hvert à | » | 6,9 | 17 | 24 | 13,8 |
| | **G. Ýmislegt:** | | | | | |
| 38. | 1 c 6 ℔ af æðardún, vel hreinsuðum . . pundið à | 5 | 48,3 | 33 | 5 | 26,5 |
| 39. | — 40 - - —— óhreinsuðum . . . . . . — - | 1 | 72 | 70 | » | 56 |
| 40. | — 120 - - fuglafiðri . . . . . . . . 10 pund à | 3 | 5 | 36 | 60 | 29,3 |
| 41. | — 40 - - fjallagrösum . . . . . . . . — — - | 1 | 52 | 6 | 16 | 5 |
| 42. | 5 álnir 1 dagsverk um heyannir . . . . . . . . . . | 1 | » | 24 | » | 19,2 |
| 43. | 5 — 1 lambsfóður . . . . . . . . . . . . . . | 1 | 49,5 | 36 | 36 | 29,1 |

---

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrrtöldum landaurum verður:

| | Rdl. | Sk. | Sk. |
|---|---|---|---|
| *Eptir A. eða í fríðu* . . . . . . . . . . . . . . | 32 | 39 | 25,9 |
| — *B.* — *í ullu, smjöri og tólg* . . . . . . . . . . . . . | 29 | 84 | 23,9 |
| — *C.* — *í ullar tóvöru* . . . . . . . . . . . . . . . | 20 | 3 | 16 |
| — *D.* — *í fiski* . . . . . . . . . . . . . . . . . | 32 | 75,6 | 26,2 |
| — *E.* — *í lýsi* . . . . . . . . . . . . . . . . . | 21 | 56,8 | 17,3 |
| — *F.* — *í skinna-vöru* . . . . . . . . . . . . . . | 23 | 2,4 | 18,4 |
| En meðalverð allra landaura samantalið, og skipt með 6, | 159 | 69 | 127,7 |
| sýnir: **meðalverð allra meðalverða** . . . . | **26** | **55** | **21,3** |

*Athugas.*: Smátölurnar þýða tíundaparta úr skildingi.

*Íslands stiptamt og skrifstofa biskups Reykjavík 22. Febrúar 1870.*

**Hilmar Finsen. P. Pètursson.**

*Í prentsmiðju Íslands. Einar Þórðarson.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð læt jeg ekki hjáliða að tilkynna að bæjarstjórnin hefir leigt kálgarð þann, er kaupstaðurinn á hjá prentsmiðjunni til ræktunar í sumar til Einars Zoëga fyrir 3 rd. leigu, og mætti herra gjaldkeranum þóknast að innkrefja þessa 3 rd og færa til inngjalda í bæjarsjóðsreikningum þ. á.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 29. Apr. 1870.

A. Thorsteinson

Til

Bæjargjaldkerans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Bæjargjaldkerans í Reykjavík
Emb. mál.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð sendi jeg herra bæjargjaldker-
anum til afreiknings á vanalegan hátt:

1. Skýrslu yfir landsjóðstíund í Reykjavík fardagaárið 18 69/70, eptir hverri tíundin útgjörist . . . . . . . . . . . . 116 rd 4 # 8 ß

2. Skýrslu yfir fasteignartíund í Reykjavík sama ár, og er upphæð hennar 16 - 1 - 9 -

= 133 " # 1 ß

Þessar skýrslur ber yður á sínum tíma að afhenda fátækragjaldkeranum, til að vera sem fylgiskjöl við fátækrasjóðsreikninginn fyrir 1870.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 15. febr. 1870.

AThorsteinson

Til
Bæjargjaldkerans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til meðferðar á vanalegum hátt sendi eg hérmeð áætlun yfir tekjur og útgjöld Reykjavíkurkaupstaðar fyrir árið 1870 samþykkta af Stiftamtmanninum

Skrifstofu Bæarfógeta í Reykjavík 10 Jan 1870.

A Thorsteinson

Til

Bæargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer að senda hinum heiðruðu bæjarfulltrúum: **áætlun** yfir tekjur og útgjöld fátækrasjóðs Reykjavíkur kaupstaðar árið 1871, til þóknanlegra eptirlita, og óskast áætlunin mjer aptur afhent um það leyti, fyrst verður að semja aðaláætlunina fyrir ofan-greint ár.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík
hinn 8. d. desember m. 1870.

A. Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir hönd barnaskólanefndarinnar, leyfi jeg mjer hjermeð að senda yður áætlun yfir tekjur og útgjöld barnaskólans í Reykjavík árið 1871, með beiðni um, að hið áætlaða tillag úr bæjarsjóði verði á sínum tíma tekið til greina þegar áætlun yfir tekjur og útgjöld bæjarsjóðsins fyrir árið 1871 verður samin af bæjarstjórninni.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 9. des. 1870.

A Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fulltrúarnir vildu koma til fundar á morgun (miðvikudag), e m: kl 4, í húsum mínum; fundarefni er: kosning í kjör-stjórn, m fl.

Rvik þ 20^{ta} decbr 1870.

H Sivertsen

til herra J Pjeturssonar sjeð

" Th Stephensen við:

" O Finsen — sjeð

" G Þórðarsonar. sjeð.

" J Þórðarsonar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í framhaldi af brjefi mínu frá 19. April þ.á. læt jeg yður hjermeð vita, að þessir menn hafa fengið:

1. húsmennskuleyfi:

a. Ásbjörn Sæmundsson á Miðbýli, á tilteknum tíma

b. Þorvaldur Klængsson d. st. um 1 ár.

c. Guðmundi Guðmundssyni úr Grafningi, 1 ár.

Þess skal getið að Guðm: Guðmundsson frá Nýjabæ og Runólfur Guðbrandsson á Sandagerði, hafa fengið lengt leyfi það, er þeir áður hafa fengið, um eitt ár. —

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 30. Juni 1870.

A Thorsteinsson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Bæjarfulltrúanna

Embl. mál. í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur